19. Íragarður. Frumdrög að ritgjörð.

7 blöð qto. Reykjavík, á páskum 1943.

Uppkast að ritgjörð.

# Íragarður



Íslendingabók segir:
„Í þann tíð var Ísland viði vaxið á milli fjalls og fjöru. Þá voru hér menn kristnir, þeir, er Norðmenn kalla Papa, en þeir fóru síðan á braut, af því, að þeir vildu eigi vera hér við heiðna menn, og létu eftir bækur írskar og bjöllur og bagla; af því mátti skilja, að þeir voru menn írskir. En þá varð för manna mikil mjög út hingað úr Norvegi, til þess unz konungurinn, Haraldur (hárfagri, Hálfdanarson ens svarta) bannaði, af því að honum þótti landauðn nema".

Þótt sennilega litlar sagnir séu til um það, hvaða menn það voru, er hér hafa fyrir verið, er landnám Ingólfs hófst, m.a. þeir, er áður höfðu numið land á Stokkseyri og búið þar, þá eru þar enn í dag nöfn nokkur að finna, er benda til þess, að þar hafi einhvern tíma búið írskir menn, þeir, er „Norðmenn kalla Papa", og, að þeir hafi verið kristnir menn, er eigi vildu semja sig að siðum hinna heiðnu landnámsmanna og því flúið undan þeim utan aftur.

Þ.e. Íran og Kumbrar

Nöfn þau, er hér um ræðir eru: 1. Íragarðurinn svonefndi; í ungdæmi mínu var mér sýndur garður þessi; var hann aðeins mishæð nokkur í landi því, er að honum lá til beggja hliða, líkastur því, að þar hefði sverðinum, mold og smágrjóti verið mokað saman í hrygg nokkurn og síðan tyrft yfir, og er sennilegt, að það hafi aldrei tyrft verið, heldur hafi gróið yfir það á löngum tíma (sennil. þúsund árum).
2. Innan garðs þessa eru bæir tveir, Íragerði eystra og Íragerði vestra, og er líklegt, að Íragarðurinn hafi legið neðan frá sjónum fyrir

vestan Þrælagerði hið vestara, og síðan til norðurs um túnið í Vestri Móhúsum eða jafnvel um Stokkseyrartún, austan vert við hinn svo nefnda Skruggudal; en um hvert túnið sem var, hefir hann legið norður í Löngudæl, sem liggur að báðum þessum túnum.

Um takmörkin að norðanverðu er mér ekki ljóst, en hugsast getur, að þeim hafi ráðið öldurnar norður undan Hóli og þar til austurs; er því eigi þess að vænta, að þar sjáist móta fyrir neinum garði. En að austanverðu, norðan úr áðurnefndum tjörnum, suður til sjávar, var mér einnig sýndur garður þessi, en ekki man ég nú, hvar hann var; líklegast þykir mér, að hann hafi verið vestan Hellukots, austan Símonarhúss og Hóldar, en sá bær var byggður nokkru eftir að ég fæddist, sennilega um eða eftir 1870, enda minnir mig, að Karel Þorsteinsson hafi byggt hann, og víst er um það, að þar bjó hann fram að árinu 1880, því það ár lagði hann a fyrstur manna þorskanet í sjó á Stokkseyri. Netin lagði Karel austur með Tangletti, en á meðan netin lágu, gerði langvarandi hafróta og illviðri, ýmist af landsuðri eða útsuðri. Einhverjum slitrum náði þó Karel, en hætti við svo búið veiðiaðferð þessa og lá hún síðan niðri um tíð. —

Mér, og öðrum unglingum var sagt svo frá um Þrælagarðinn og bæjarheitin bæði, Þrælagerði, á þessa leið:

„Áður í fyrndinni voru þarna erlendir menn, er Þrælar nefndust, og til þess, að þeir hefði eigi samgöngur við aðra menn eða samneyti við þá, var þeim haslaður völlur innan hins svonefnda Þrælagerðis, þar sem nú er Þrælagerðis bær (Einni) og garðurinn var nefndur Þrælagarður".[1] —

[1] þ.e. svæðið innan garðsins

Hvort menn þessir voru heiðnir eða kristnir, heyrði ég ekki nefnt, en Íslendingabók virðist einmitt benda á þessa menn og enga aðra, er kenndir voru við Íra, og það er frásögnin um þá, sem segir að þeir hafi kristnir verið.

En í sambandi við frásögn þá, er ég fékk um Þræla, var mér og sagt, að meðal þeirra hafi verið aðrir menn er Kumbrar voru nefndir,

og hafi þeir búið að Kumbravogi og þá sennilega utan Íragerðis-
nesins þessa vera, að því er mér virðist, frá Kumbaralandi, austan túns
írska hafi og því einnig verið þar eða menn af þeirra. Kolli og Ketill.
Þegar mér hefir verið hugsað til nafnsins Kumbravogur, hefir mér aldrei
fundizt, að það nafn (síðari hluti þess) gæti verið dregið af neinum vogi, því
þar er engan vog að finna nú. Hinsvegar má ætla, að á meðan landið náði
utar túngarðinum eða þangað sem hann nú er, hafi einhver vogur verið þar
inn í landið, enda byggðin þá gengið lengra fram en nú, sem sjá má og
nafninu Stjórnarsteinar, þar sem Hásteinn og synir hans, Atli og Ölver
„komu í Stálfjörð fyrir framan Stokkseyri" og „Hásteinn kom í Hásteinssund
fyrir austan Stokkseyri og nam land milli Rauðár og Ölfusár".
Tel ég þessi enn og bending um það, að í stöðum þessum hafi nefndir
landnámsmenn numið land: fram undan Rauðárhólum, Kumbravogi
og Íragerði, enda er Stál og Stálfjara þar fram undan. Við sjávarströndina
virðast landamerkin hafa verið þessi:

Stálfjara að vestan, austur ~~…~~ á móts við Íragerðis, og Kumbravogur að austan.
Innan takmarka þessara ætti að mega finna Íragerðin, ef nokkuð kynni
að sjást fyrir honum enn. En svo er líklegt að torvelt muni nú verða að
finna garð þennan, því á 50–60 síðustu árum hefir öllu verið umrótað
á þessum stöðum, tún verið sléttuð eða grædd út og fjöldi tómthúsa verið
byggð, garðar hlaðnir o. s. frv.

Sjálfsagt þætti mér, að torveldast yrði að finna legu garðsins að
austanverðu, en eigi væri það alveg útilokað, né tilgangslaust, að
leita hans þar, enda fengist þá frekari sönnun fyrir því sem hér er
sagt, ef hann fyndist. Að vestanverðu held ég að rekja megi legu garðsins
o. m. fl. í Höfnum, þrátt fyrir ýmiskonar umrót, er þar hefir einnig orðið,
eins og áður er sagt.

3. Þá eru hinir svonefndu Gálgaklettar fram undan Kumbravogi og

vestanvert við Rauðárhóla. Hvaðan nafn þeirra er runnið veit ég ekki, né heldur um Skiphólana, sem eru fyrir austan Rauðárhóla. Er hér um svo mörg örnefni að ræða, bæði í Flóanum og á sjávarströndinni, að vel væri það þess vert að rannsaka það betur en gjört hefir verið, en að nokkur önnur rannsókn í þessu hefi farið fram, en sú, er Brynjólfur Jónsson frá Minna-Núpi gerði, er hann lét grafa í Rauðárhólana, er mér ekki kunnugt.

—— " ——

Þá nefnir Íslendingabók örnefni eitt þar eystra, sem mér er eigi kunnugt um, en það er Minþakseyri. Hún er fyrir vestan Ingólfshöfða en fyrir austan Ingólfsfjall (Ísl. bók, bls. 4, 34, 182 og 364.).

Írska orðið mindeck er sama orðið og minþak, og þýðir deig það, er hinir írsku þrælar hnoðuðu saman úr mjöli og smjöri, til þess að firra sig þorsta, því Hjörleifi varð „vatnsfátt í skipinu". „Minþakið tók að nyta og köstuðu þeir því fyrir borð, og rak það á land þar sem nú heitir Minþakseyri"

Aðalmálið í Ísl. bók er minþak ýmist nefnt mimþak, minnþak eða mindak, og er það allt tilbreyting frá hinu írska orði, því, er áður er nefnt.

Hvar er hún, þessi Minþakseyri? Sennilega er hún austanvert í Mýrdali eða fram af söndunum þar eystra, en naumast vestan Þjórsár, heldur miklu austar.

Í ungdæmi mínu bjó maður sá í Kumbravogi er Páll hét Halldórsson og kona hans, Þórunn Jónsdóttir; voru þau afi og amma bróðurdætra minna, Þórdísar Bjarnadóttur, konu Jóns Adólfssonar í Vestri-Móhúsum og Halldóru, konu Guðmundar Guðmundssonar skósmiðs, er áður bjó í Saurbæ, síðan í Stokkseyrarseli og loks í Hafnarfirði. Guðm. er nú dáinn, en Halldóra býr í Hafnarfirði.

Páll í Kumbravogi var fátækur maður, sem fleiri menn þar eystra, en mun þó hafa „komist af" fyrir sig og sína. Hann var meinhægðarmaður hinn mesti og stilltur vel. Börn hans voru Guðlaug, móðir þeirra Þórdísar og Halldóru, Þórunn, kona Finns Sveinbjarnarsonar og Halldór, er kallaður var „Ljómi". Höfðyndis-

nafn þetta fékk Halldór sökum þess, að hann þótti með afbrigðum ólaglegur, sem hann þó eigi var í raun og veru: Svipur hans var hreinn og innri maður hans einnig, en náunganum hefir víst nauðsynlegt að klína á hann einhverju óvirðingarnafni, þótt enga sök ætti hann á því, að menn álitu hann ólaglegan.

Ábúendur í eystri hluta Stokkseyrarhverfis voru um þessar mundir, menn þessir: Símon Bjarnason, bróðir Bjarna gamla í Götu, fóstra Bjarna sál. bróðursins og kona Símonar, Þórdís Magnúsdóttir, bjuggu að Skipum, vel efnuð hjón og mest. Símon dó 25/7-80 *)

*) Þórdís [illegible] /2-98, 89 ára að aldri.

Að Gjótlæk bjuggu margir hver eftir annan: Guðm. Lafransson, sá, er Magnús Teitsson kvað um í tilefni af fráfalli Hans Hanssonar (pósts) 1874 (15. febr.)

„Hans er dauður, heims-við nauði skilinn,
litla brandi féll hann frá; fagna handinn, Guðmundur má.“

Guðmundur Lafransson flutti að Vegjum í Miðnesi, nú dáinn fyrir nokkrum árum. Síðar bjó Vernharður Jónsson frá Svínhaga að Gjótlæk, svo að Efra-Seli; hann var faðir Ólafs Carnelíussonar, er fór til Ameríku nokkuru eftir 1880. Vernh. dó 4/2-92

Árnatótt var byggð sem tómthús um þetta leyti; það gerði Árni Grímsson, bróðir Þórðar á Stokkseyri (drukknaði 28. maí 1881). Síðar bjó þar Björn Sigurðsson, afi fósturbarna okkar hjóna, Guðríðar og Ragnars.

Hannes Hannesson bjó að Eystri-Rauðarhóli, bróðir Evlalíu konu Arons; Hannes var ágætur formaður og bjó síðar að Skipum; kona hans var Sigurbjörg Gísladóttir, systir Halldórs smiðsins. Hannes dó 25. ág. 1910, 76 ára að aldri

Að vestari Rauðarhóli bjó Kristín Magnúsdóttir, móðir Magnúsar Teitssonar, **) Kristjáns trésmiðs í Reykjavík og Margrétar, konu Guðjóns Ólafssonar í Hólmbæ.

**) d. 19. m. 1930, 67 ára. [illegible] Kristín 23. jan. 1901. 83 ára að aldri.

— Um allt þetta fólk og allt það er ég þekkti austan frá Baugsstöðum vestur að Óseyrarnesi hefi ég skrifað á öðrum stað og nefnt það „mannlýsingar“.

— Nú er Kumbaravogur friðhelgur staður – var ekki og friðar áður – því nú er hann orðinn [illegible] hæli, ekki fyrir afbrotamenn né óþokkastráka, heldur heilsubótarhæli, fyrir þá menn, er leita viljað sér þar lækninga við einhverju hinu mesta fári er þjóð vora hefir þjáð mest af

öllum meinum um margar aldir. Drykkjuskaparástríðunni, sem sennilega er engin önnur betri lækning við, en sú, að mega dvelja í föstum stað með öðru góðu fólki, undir eftirliti og með hjálp góðra manna, lækna og annarra, er skilja hinar þungu raunir þeirra og vilja hughreysta þá, gleðja og hjálpa þeim.

Slík og þvílík lækningastofnun hefði þurft að koma miklu fyrr, en þótt seint sé, virðist vel byrjað og þjóðin öll horfir með ánægju og gleði til stofnunar þessarar í þeirri öruggu von, að árangurinn verði bæði góður og varanlegur.

Menn þeir, er þegar hafa brotið hinn þykka ís kleppidóms og heimsku vindýrkenda og hinna öfgafullu bannfénda, menn, sem þegar eru nú þangað komnir, eiga sannarlega hrós skilið fyrir manndóm sinn og mikla sjálfsafneitun og er vonandi, að margir þeir er þess þurfa síðar meir, feti í þeirra spor, eigi neyddir, heldur af eigin hvötum og vilja til þess að hjálpa sér sjálfir, en geti þeir það eigi, þá er það nauðsynlegt, að aðrir fái að hjálpa þeim með ráðum og dáð.

Menn þessir verða því áreiðanlega og það með réttu taldir þjóðhetjur íslenzku þjóðarinnar og nöfn þeirra skráð stórum og gullnum letri á minningaspjöld hennar. Þeir eiga þökk og virðingu skilið og því meiri, sem betri árangur næst af dvöl þeirra þar. — Þjóðin verður þeim að þakka að miklu leyti.

Drykkjuskaparástríðan er sterk; hún er jarðneskt helvíti, sem kvelur því meir og ver sem meira er eftir henni látið; hún er þjótandi, en svo grimm, að hún lætur engan undan sleppa án svöðusára hinna mestu, bæði á sál og líkama. Það er því alls eigi ómerkilegt atriði, að menn þeir, er að Kumbaravogi eru nú komnir og tekið hafa sér þar bólfestu um hríð, skyldu verða fyrstir manna með að reyna lækningatilraun þessa.

En það er eitt, sem þessir menn og aðrir mega vara sig á: Fái þeir lækningu, og er vonandi, að þeir fái hana flestir og helzt allir, mega þeir aldrei láta það eftir sér upp frá því, að bragða vín. Sé það gert, verður síðari

Villan argari hinni fyrri: Ástríðan verður því enn ástríðumeiri og ákafari. Hvers vegna? Vegna þess, að glóðir hennar hafa aldrei kulnað út til fulls og verður því vínið einungis bensín eða olía, sem snertir hinn litla glóðkorns neista, svo að af verður bál og það mikið. Menn geta því aldrei verið öruggir um það, að nú séu þeir sloppnir: Því langi þá ekkert í vín! En hversvegna þá að vera að gjálfra frekar við það og steypa sig í það?

Sé maðurinn nægilega viljasterkur og sjái, að hann sé búinn að fá lækningu, að hann hafi sigrast á ástríðu sinni, þarf hann að geta umgengist vín, vínhneigða menn og jafnvel þá, sem vilja freista þeirra, umgangast þá og vínið, sem alveg meinlausa menn og hlut, ef þeir bara snerta aldrei á víninu, sem drykki eða bragði á því. Þetta kann að vera þung raun og aðþrengjandi ástríða, en það er alveg [illegible], að láta aldrei undan henni, enda sekkur hún því óðar í, sem henni er eftir viðnám veitt og hún verður að láta undan.

Og hygg, að enginn sá er unnið hefir sigur á áfengisástríðunni eða fengið lækningu við henni, langi aftur til kjötkatlanna í Egyptalandi!: Þeir hljóta að muna eftir hinni afskaplega illu meðferð, er vínið hafði á þeim.

Þjóðin öll óskar þess af heilum hug að lækningastofnun þessi takist vel. Þeir, sem hennar njóta mega aldrei láta sér til hugar koma, að með því að dvelja þar, séu þeir að afplána einhverja hegningu og það sé þeim til minnkunar að dvelja þar. Þetta er þvert á móti allrar virðingarvert, þeir eru menn að meiri og mega vita, að hér er aðeins um lækningastofnun að ræða, við versta böli, sem fæstir þeirra hafa bakað sér sjálfir, heldur aðrir menn, margra alda misskilningur og mistök í uppeldi og áhrifum annara manna.

Á páskum 1943.

Jón Pálsson